



# Framkvæmda- fréttir 25. tbl. /06



**Viktor Arnar Ingólfsson**  
útgáfustjóri skrifar

## Svartur ágúst mánuður Hvað er til ráða?

Það lætur nærri að við starfsfólk Vegagerðarinnar þurfum áfallahjálp eftir nýliðinn ágúst mánuð. Sex umferðarslys þar sem átta einstaklingar létust er meira en hægt er að skilja. Umræðan sem eðlilega gýs upp á meðan á þessu stendur verður talsvert upphrópanakennd og því ekki mjög árangursrík. „Það þarf að gera eitthvað,“ segja allir en þetta „eitthvað“ er oftast of dýrt eða of tímafrekt til að það sé raunhæft í náninni framtíð. Fljótvirkasta úrbótin er auðvitað sú að ökumenn sjái að sér og aki gætilega. Það myndi skila sér strax og kostar ekkert. Við þurfum „maður á mann“ taktík í þessu verkefni. Ástvinir einstaklinga sem eru gjarnir á að aka hratt og ógætilega þurfa að ræða við sitt fólk. Farþegar sem finna fyrir ótta í bíl verða að láta ökumanninn vita af vanlíðan sinni. Við þurfum að koma aftursætisökumönnum í tísku.

Ekkert hefur skort á umferðaröryggisáróður undanfarna mánuði. Áhrifamiklar sjónvarpsauglýsingar hafa verið sýndar reglulega og sláandi blaðauglýsingar hafa verið birtar. Svo

mætti ætla að fréttir af þessum voðalegu slysum væru fyrirbyggjandi en því miður eru til teflon-ökumenn sem ekkert loðir við.

Samgönguráðherra hefur lýst því yfir að brugðist verði við þessum slysafaraldri undanfarinna vikna. Í grein sem má sjá á vefsíðu ráðuneytisins kemur fram að lögð verður áhersla á eftirfarandi atriði:

- Hert verði umferðareftirlit lögreglu með því að framlengja samning
- Hraðað verði uppsetningu hraðamyndavéla á þjóðvegum
- Endurskoðuð verði viðurlög við umferðarlagabrotum
- Hraðað verði endurbótum á stofnbrautum

Þetta eru allt þörf verkefni sem vonandi munu koma að góðu gagni.

Vegagerðin lætur reglulega gera viðhorfskannanir hjá vegfarendum til að meta frammistöðu stofnunarinnar. Sífellt fleiri kvarta yfir að vegirnir séu of mjóir. Það þýðir að stór hluti ökumanna finnur fyrir óöryggisfilfinningu á þeim hraða sem nú tíðkast á þjóðvegum. Við þessu þarf að bregðast með því að breikka vegi, aðskilja umferðarstrauma með 2+1 vegum eða tvöfalda vegi, 2+2. Þetta þarf að gera samhliða því sem núverandi malarvegir verða endurbýggðir og lagðir bundnu slitlagi. Einnig þarf að gera jarðgöng til að bæta samgöngur á milli svæða og stytta leiðir þar sem slíkt er mögulegt. Það er því nóg að gera fyrir peningana sem nú fara til vegagerðar og það getur því tekið nokkuð mörg ár að koma vegakerfinu í viðunandi horf. Það verður því að grípa til annarra ráða við að

### Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 25. tbl. 14. árg. nr. 446 18. september 2006

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

## Ég legg til að hámarkshraði verði:



Vegur án bundins slitlags: 70 km/klst. Er nú 80 km/klst.



Vegur með bundnu slitlagi, akstursstefnur ekki aðgreindar: 80 km/klst. Er nú 90 km/klst.



Vegur með bundnu slitlagi, akstursstefnur aðgreindar með vegriði (2+1): 90 km/klst. Er nú 90 km/klst.



Vegur með bundnu slitlagi, akstursstefnur aðgreindar með vegriði eða svæði, a.m.k. tvær akreinar í hvora átt (2+2), öll vegamót mislæg: 100 km/klst. Er nú 90 km/klst.

auka umferðaröryggið þar til vegirnir hafa skánað. Hér á eftir fara hugleiðingar mínar um umferðarhraða. Ég vil taka það fram að þær eru mínar persónulega en tengjast í engu starfi mínu hjá Vegagerðinni. Þær hafa hinsvegar þróast út frá sam-tölum mínum við Rögnvald Jónsson sem nýlega hætti störfum hjá Vegagerðinni og fleira gott fólk.

## Umferðarhraði

Undanfarin misseri hefur öryggiseftirlit vegna farþegaflugs á milli landa stóraukist. Ástæðan er meint hættu á hryðjuverkum. Við sættum okkur við þetta og teljum okkur öruggari fyrir vikið. En þetta eftirlit tekur tíma og flugfarþegar eru hvattir til að mæta tímanlega í flug sökum þess. Ekki er óvarlegt að áætla að tími sem það tekur að fara í venjulega flugferð hafi lengst um hálf klukkustund vegna síðustu öryggisaðgerða.

Á milli Reykjavíkur og Akureyrar eru 388 km. Ökumaður sem ekur þessa leið á meðalhraða 90 km/klst. er 4 klst. og 19 mínútur á leiðinni. Ökumaður sem ekur á 80 km/klst. meðalhraða er 4 klst. og 51 mínútu, þ.e. hann er ríflega hálf tíma lengur á leiðinni. Getum við ekki sætt okkur við lækkingu á hámarkshraða og bætt hálfri klukkustund við ferðatíma okkar ef öryggi myndi stóraukast við þá aðgerð?

Ógnin í umferðinni er miklu mun áþreifanlegri en hryðjuverkaógnin í farþegaflugi fyrir okkur Íslendinga. Að meðaltali látast tveir einstaklingar á mánuði á vegunum og það er alveg ljóst að of mikill hraði á stóran þátt í þessum slysum.

Nú eru í gildi reglur um mismunandi hámarkshraða ökutækja sem eru á ferðinni á sömu vegum, þ.e. ökutæki með tengivagn skal aka á 80 km/klst. þar sem önnur ökutæki mega aka á 90 km/klst. Þessi mismunur er til mikilla vandræða og eykur á hættu vegna framúraksturs. Er ekki nær að hámarkshraði fyrir öll ökutæki sé 80 km/klst. á vegi með bundnu slitlagi þar sem akstursstefnur eru ekki aðgreindar með vegriði?

Vegfarendur eiga kröfu á því að þeim sé forðað frá þeirri ógn að mæta stöðugt umferð úr gagnstæðri átt á 90 km hraða eða þaðan af meiri hraða.

Ég legg til eftirfarandi reglur fyrir hámarkshraða:

- Vegur án bundins slitlags: 70 km/klst.
- Vegur með bundnu slitlagi, akstursstefnur ekki aðgreindar: 80 km/klst.
- Vegur með bundnu slitlagi, akstursstefnur aðgreindar með vegriði (2+1): 90 km/klst.
- Vegur með bundnu slitlagi, akstursstefnur aðgreindar með vegriði eða svæði, a.m.k. tvær akreinar í hvora átt (2+2), öll vegamót mislæg: 100 km/klst.

Ég geri mér grein fyrir því að hámarkshraði 80 km/klst. þýði eitthvað rúmlega það í raunhraða. Þá erum við líklega að nálgast 90 km/klst. sem er hönnunarhraði flestra nýrra vega á landinu. Allur akstur á hraða sem er umfram það er eðlisfræðilega óöruggur og því óásættanlegur.

Loks er rétt að minna á að hér er verið að fjalla um ökuhraða við bestu aðstæður. Sú ábyrgð hvílir áfram á öikumönnum að aka samkvæmt aðstæðum og það þýðir talsvert hægara í myrkri, bleytu eða hálfu. Ökumenn þurfa einnig að taka tillit til leiðbeinandi hraðamerkinga sem nú eru víða komnar upp á hættulegum stöðum.

Ég veit að þessar tillögur um lægri hámarkshraða eru röt-tækar og hafa líklega lítið fylgi við fyrstu sýn. En ef þetta er skoðað í samhengi við aðrar öryggiskröfur í þjóðfélaginu þá er þetta býsna eðlileg ráðstöfun. Hver sá vettvangur annar sem yrði fyrir 24 banaslysum á ári yrði rígneglur með ströngustu öryggisreglum þar til ástandið yrði ásættanlegt. Það sama verður einfaldlega að gerast í umferðinni.

## Norræn ráðstefna um evrópska staðla í vegagerð

Norræna vegtækisambandið (NVF), deildir 33 og 34 boða til ráðstefnu föstudaginn 29. september 2006 á Hótel Nordica. Efni ráðstefnunnar eru evrópustaðlar sem fjalla um steinefni (CEN/TC 154) og vegagerðarefni (CEN/TC 227). Ítarleg umfjöllun verður um staðlana og

innleiðingu þeirra á Norðurlöndum. Sjá nánar á heimasíðu ráðstefnunnar: <http://www.congress.is/cen-nord/> Þar eru upplýsingar um skráningu og þátttökugjöld.

Hér á eftir er dagskrá ráðstefnunar birt. Þar sem hún fer fram á ensku er dagskráin birt hér á því tungumáli.

### CEN-NORD seminar

Hótel Nordica

29 September 2006

#### Programme



8:00-9:00	REGISTRATION	13:30-15:10	THEME 3: Special Nordic issues concerning the standards of TC 154 and/or 227
9:00-9:10	OPENING: HREINN HARALDSSON, Icelandic Road Administration	13:30-13:50	GUNNAR BJARNASON, Iceland: Implementing CEN standards in Icelandic Road Guidelines
9:10-10:30	THEME 1: General presentation of the CEN/TC 154 and CEN/TC 227 standards	13:50-14:10	ARNSTEIN WATN, Norway: Expanded Clay Light Weight Aggregate for Civil Engineering Applications. Linking the test methods of TC 88 for light weight aggregates to TC 154 and TC 227
9:10-9:30	HENRIK BROMS, Sweden: Overview of the CEN organisation	14:10-14:30	PIRJO KUULA VÄISÄNEN, Finland: Implementation of EN 13043 in Finland
9:30-9:50	MERETE HOLMEN MURVOLD, Norway: Overview of the TC 154 standards	14:30-14:50	BO SIMONSSON, Sweden: The status of TC 227 standards in Sweden
9:50-10:10	PER R. PERSSON, Denmark: Overview of the TC 227 standards	14:50-15:10	LEIF BAKLOKK, Norway: Implementation of new european asphalt specifications and standards - Nordic co-operation on new requirements for deformation
10:10-10:30	FLEMMING BERG, Denmark: Comparison of standards 13285 (227) and 13242 (154) and possible cooperation between TC 154 and TC 227 regarding harmonizing of these standards	15:10-15:30	Coffee
10:30-10:50	Coffee	15:30-17:00	THEME 4: Co-operation between Nordic Mirror Groups in the future
10:50-12:30	THEME 2: Nordic experience of the standardisation work, implementation and the content of the standards	15:30-15:50	JAN BIDA: Summary of discussion from the TC 154 Mirror group meeting the previous day
10:50-11:10	LARS MÖLLER NIELSEN, Denmark: The practical implementation of EN's seen from an aggregate producers point of view	15:50-16:10	FLEMMING BERG: Summary of discussion from the TC 227 Mirror group meeting the previous day
11:10-11:30	TUOMO LAITINEN, Finland: Implementation of CEN/TC 154 standards in Finland	16:10-17:00	Panel discussion
11:30-11:50	PÉTUR PÉTURSSON, Iceland: Implementation of CEN/TC 154 and TC 227 standards in Iceland	17:00	Closure of Seminar
11:50-12:10	GEIR BERNTSEN/NILS UTHUS, Norway: Implementation of CEN standards in Norway	18:30-19:30	Reception at City Hall
12:10-12:30	JAN BIDA, Sweden: Implementation of CEN standards in Sweden	19:30	Banquett at Idno Restaurant
12:30-13:30	Lunch	<b>SATURDAY 30 SEPTEMBER:</b>	
		All day	Excursion to Thingvellir, Gullfoss and Geysir

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

### Fyrirhuguð útboð

**Auglýst:**  
dagur, mánuður, ár

Á fundi rákisstjórnarinnar þann 27. júní var ákveðið að fresta útboðum og upphafi nýrra framkvæmda á vegum ríkisins. Sú aðgerð er tímabundin en ótímasett. Í samræmi við þessa ákvörðun ber Vegagerðinni að fresta nú þegar öllum fyrirhuguðum útboðum á framkvæmdaverkefnum (nýframkvæmdum).

Þar sem nýjar tímasetningar á útboðum liggja ekki fyrir er listi yfir fyrirhuguð útboð Vegagerðarinnar birtur hér óbreyttur en án tímasetningar.

06-048	Vestfjarðavegur (60) í Kollafirði
06-031	Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata
06-030	Útnesvegur (574), Háahraun - Hella
06-029	Skorradalsvegur (508), Grund - Hvammur
06-027	Snæfellsnesvegur (54) um Hítará
06-028	Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur
06-026	Skagafjarðarvegur (752), slitlagsendi - Lýtingsstaðir
06-024	Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná
06-025	Hólavegur (767), Hólar - Hólalax
06-023	Auðkúluvegur (726) og Blöndudalsvegur (733)
06-022	Uxahryggjavegur (52) um Tröllháls
06-017	Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn
06-015	Ferjubakkavegur (530) um Gufá
06-010	Mölbúður og styrkingar Norðaustursvæði
06-004	Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið

### Fyrirhuguð útboð frh.

**Auglýst:**

06-005	Hringvegur (1) um Vatnsdalsá
06-006	Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell
06-007	Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss
05-047	Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldólfsstaðir 2

### Auglýst útboð

**Auglýst: Opnað:**

06-065	Hríseyjarferja 2007-2011	28.08.06	10.10.06
--------	--------------------------	----------	----------

### Útboð á samningaborði

**Auglýst: Opnað:**

06-064	Vetrarþjónusta, Akureyri - Ólafsfjörður 2006-2009	17.07.06	01.08.06
05-038	Garðskagavegur (45) um Sandgerði	26.06.06	11.07.06
06-057	Pverárfjallsvegur (744), brú á Gönguskarðsá	06.06.06	27.06.06
06-037	Vetrarþjónusta, Brú - Blönduós 2006-2009	15.05.06	30.05.06

### Samningum lokið

**Opnað: Samið:**

06-020	Heggstaðanesvegur (702), Bessastaðir - Sandar Guðmundur Vilhelmsson	04.07.06	31.08.06
05-064	Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut, eftirlit Línuhönnun hf.	07.03.06	07.09.06

## Ráðstefna

### um rannsóknir Vegagerðarinnar

Árleg ráðstefna þróunarsviðs Vegagerðarinnar um rannsóknir verður haldin föstudaginn 3. nóvember nk. á Hótel Nordica. Ráðstefnan verður auglýst nánar síðar.



Starfsfólk þjónustudeildar Vegagerðarinnar á Ísafirði sér um símsvörun fyrir stofnunina og veitir upplýsingar í síma 1777. Í sumar var tekin í notkun ný aðstaða fyrir þessa starfsemi. Kristinn Þröstur Jónsson og Ingibjörg Daníelsdóttir voru á vakt þegar þessi mynd var tekin.